

90

20. nóvbr.

2. Lyflækningafræði.
3. Rjettarlæknisfræði.
- b. Munnlegar prófgreinar:
 1. Lyfjafræði.
 2. Handlækningafræði.
 3. Lyflækningafræði.
 4. Yfirsetufræði.
- c. Verklegar prófgreinar:
 1. Handlæknisaðgerð (Operatio).
 2. Handlæknisvitjan (Clinice Chirurgica).
 3. Lyflæknisvitjan (Clinice medicinalis).

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 20. nóvember 1907.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

91

22. nóvbr.

Hafnarreglugjörð

fyrir Eskifjarðarkauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 22. nóvember 1907 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Eskifjarðarkauptún í Suðurmúlasýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, sem síðar getur um), sem mæld eru til lestatala, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins, er þau í fyrsta sinni á árinu leggjast á höfnina, eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða útlöndum. Þrjú næstu skiftin, er þau á sama ári leggjast á höfn, greiða þau hálft hafnargjald í hvert skiftið, en komi þau oftár á sama ári, skulu þau ekkert gjald greiða. Skip, er fara aðeins milli hafna á Íslandi, greiða einnig 5 aura í hafnargjald af hverri smálest, en aðeins þá er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni.

Þá er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 5 aura af hverri smálest skipsins.

Framangreind gjöld skal þá greiða, er skipið leggst fyrir innan beina línu, dregna frá Mjóeyri í Skeleyri.

Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

II. Undanþágur frá hafnargjaldi.

91

22. nóvbr.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru.
2. Öll skip danskra þegna, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgerð snertir, og
3. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau aftur flytja burt farminn og eigi annað.

III. Seglfesta.

Seglfestu má ekki kasta út á höfninni, nema hafnarnefnd leyfi.

IV. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hjer á undan, skulu renna í hafnarsjóð Eskifjarðarkauptúns, og skal honum eingöngu varið til að gjöra umbætur á höfninni og mannvirkjum, sem henni heyra til.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps kys þrjá menn í hafnarnefnd til að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlitt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

V. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um mál út af þeim sem önnur lögreglumál. Sektirnar renna í hafnarsjóð Eskifjarðarkauptúns.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1908 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 22. nóvember 1907.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.